

39. fundur veitustjórnar haldinn mánudaginn 26. apríl 2010 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu: Ragnar Magnússon, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn Páll Jóhannsson, Óskar Rafn Emilsson, Axel Thorsteinsson, Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Helgi Kjartansson sem skráði fundargeð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

1. Lagður fram til kynningar samningur við Guðbjörgu og Grím í Ásatúni vegna lóða fyrir dæluhús við Ásatún og miðlunargeymi á Langholtsfjalli.
2. Farið yfir tilboð sem liggja fyrir vegna nýrrar stofnlagnar frá dælustöð við Ásatún að miðlunargeymi, lengd lagnar er um 1200m.
3. Rannsóknir á Hrunamannafrétti varðandi hitaorku. Áhugi er hjá ÍSOR á áframhaldandi orkurannsóknnum í Hrunamannahreppi.
4. Erindi frá Magna á Íslandi vegna jarðhitarannsókna í Hrunamannahrepp. Borist hefur erindi frá Magma á Íslandi þar sem óskað er eftir samstarfi um rannsóknir á jarðhita ofan byggðar í Hrunamannahreppi. Veitustjórn tekur jákvætt í erindið og felur veitustjóra og formanni veitustjórnar að hafa samband við bréfitara.
5. Á aðalfundi Hitaveitu Grafarhverfis var Ísólfur Gylfi sveitarstjóri kjörinn í stjórn félagsins.

Fleira ekki tekið fyrir
Fundi slitið kl. 17:00